RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Til launagreiðenda
**Orðsending nr. 4/2007**
MARS

# Ertu með erlenda starfsmenn í vinnu?

## Framtalsskil 2007

Þar sem margir launagreiðendur hafa leitað til ríkisskattstjóra til að afla upplýsinga um framtals- og skattskil erlendra starfsmanna sinna, viljum við koma á framfæri eftirfarandi:

Gefnir hafa verið út bæklingar og einfölduð útgáfa af skattframtölum á sjö erlendum tungumálum til að auðvelda þeim skattskil sem hafa komið hingað til lands til að starfa tímabundið á síðustu árum og hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Framtölin og bæklingana má finna á upplýsingavef ríkisskattstjóra, **rsk.is/international**, ásamt fleiri upplýsingum sem gagnlegar geta verið varðandi framtals- og skattskil.

### Framtalsskil 2007

Þeir sem einungis hafa launatekjur og dvalið hafa á Íslandi skemur en þrjú ár, geta valið um þrjár leiðir við framtalsskil 2007, þ.e.:

- að skila einfaldri útgáfu skattframtalsins RSK 1.13, sú útgáfa er útfyllanleg á vefnum, en einungis hægt að skila á pappír
- að skila almennu skattframtali RSK 1.01, hvort heldur er á pappír eða á vefnum í gegnum þjónustusíðu
- að skila RSK 1.10 sem er almenna skattframtalið á ensku, einungis hægt að skila á pappír

Önnur eyðublöð, svo sem fylgiskjöl skattframtals, eru enn sem komið er einungis til á íslensku.

### Einfölduð útgáfa af framtali – RSK 1.13

Ef velja á einföldu útgáfuna af skattframtalinu, **RSK 1.13**, þá má sækja hana á ensku, rússnesku, spænsku, kínversku, þýsku, frönsku eða pólsku. Á bakhlið framtalsins eru leiðbeiningar um útfyllingu í einstaka reiti. Einfölduð útgáfa skattframtalsins er útfyllanleg á netinu, en hvorki er unnt að skila henni með rafrænum hætti né vista hana á tölvu, heldur þarf að prenta hana út og skila á pappír til skattstjóra.

Einfaldað skattframtal er ætlað fyrir einstaklinga sem dvalið hafa á Íslandi skemur en þrjú ár og einungis hafa haft launatekjur hér á landi og eiga ekki aðrar eignir en bankainnstæður eða bifreiðar. Þeir sem eiga fasteignir, verðbréf eða hlutabréf þurfa að skila hefðbundnu skattframtali, RSK 1.01, og sama á við um hjón með börn á framfæri, þau geta heldur ekki skilað einfaldri útgáfu af skattframtali.


Konto bankowe
Możemy otrzymać nadpłatę podatku wpłaconą na rachunek w banku poprzez wpisanie jego numeru poniżej.
Możemy tylko podać numer rachnku bankowego w Islandii na nasze nazwisko.
Bank | Oddział | Rodzaj rachunku | Numer rachunku (konta)
Zawiadomienia i uwagi można wysłać na:
Mój adres internetowy:
W tym miejscu proszę podać zagraniczny numer podatkowy (NIP) numer, którego używamy pryz rozliczeniu podatkowym w swoim kraju

RSK — Uwaga: nie możemy zachować w komputerze wypełnionego zeznania podatkowego. Jeżeli chcemy zatrzymać dla siebie egzemplarz, musimy go wydrukować
Zeznanie podatkowe | WYDANIE UPROSZCZONE
Przeznaczone osobom mieszkającym w Islandii nie dłużej niż trzy lata. Zobacz wyjaśnienia i wskazówki dotyczące wypełnienia zeznania na odwrocie. Zwraca się uwagę na to, że małżeństwo lub osoby mające na wychowaniu dzieci powinny złożyć RSK 1.01. To samo dotyczy tych, którzy posiadają nieruchomości, listy wartościowe, akcje lub zajmują się działalnością prywatną.
Numer identyfikacyjny składającego zeznanie
Imię i nazwisko
Adres | Gmina
Rok dochodowy 200___
Zeznanie podatkowe składamy oddzielnie za kazdy rok kaledarzowy
Czas pobytu na Islandii
Data przybycia do Islandii — Dzień, Miesiąc, Rok | Data wyjazdu z Islandii — Dzień, Miesiąc, Rok | Oznaczenia Naczelnika Urzędu Podatkowego
1 Otrzymane wynagrodzenie i inne pobory związane z pracą — 21
2 Dofinansowanie na samochód. Diety. Dodatki.
Dofinansowanie na samochód 22 | Diety dzienne 23
Dodatki w związku z samochodem 134 | Inne dodatki 135
3 Inne dochody
Zwrot wpłaconych składek na fundusz emerytalny — 43
Inne, co ?
4 Potrącenia
Składki, wpłata na fundusz emerytalny w ciągu roku - max. 4% od poborów — 162
Składki, wpłata roczna na dodatkowy fundusz emerytalny — 160
Potrącenia związane z dofinansowaniem na samochód wg. RSK 3.04 — 32 | Potrącenia związane z otrzymana dietą dzienna, wg. RSK 3.11 — 33
5 Podstawa do naliczenia podatku od dochodów i podatku na cele lokalne — Razem 1+2+3-4
6 Podatek już opłacony — 296
7 Obniżka podatku dla pracujacych na statkach rybackich — Przeniesiono z druku RSK 3.13
Praca na statkach o wielkości 20 ton brutto i powyżej | Praca na statkach o wielkości poniżej 20 ton brutto
Pobory związane z pracą na statkach rybackich 317 | Pobory związane z pracą na statkach rybackich 318
Ilość dni połowowych 291 | Ilość dni połowowych 292
8 Stan na kontach bankowych | Dochód z oprocentowania | Kwota na rachunku
Razem | Podatek od dochodu z oprocentowania 301 | 12 | 11
Potwierdzam, że raport ten został wykonany prawidlowo, na podstawie wiarygodnych danych i moich wiadomości
Data i podpis | Numer telefonu
RSK 1.13 LITLAPRENT
Zobacz instrukcję na odwrocie

**RSK 6.01** | 0703 | LITLAPRENT

**www.rsk.is/international**

# RSK 1.13 Skattframtal 2007

## Dvalartími á Íslandi

Ef komið var til landsins á síðasta ári er mikilvægt að skrá réttan komudag í þennan reit.

Sé farið af landinu á tekjuárinu skal skrá brottfarardag í þennan reit.

## 1 Launatekjur og starftengdar greiðslur

Hér skal tilgreina nafn launagreiðanda og fjárhæð heildarlauna án nokkurs frádráttar. Með launum í þessu sambandi teljast hvers konar starfstengdar greiðslur.

## 2 Ökutækjastyrkur. Dagpeningar. Hlunnindi.

Hafi launamaður notað bifreið sína í þágu launagreiðanda og fengið greiddan ökutækjastyrk skal tilgreina fjárhæð hans í þennan reit.

Hafi launamaður fengið greidda dagpeninga vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðanda skal færa fjárhæð þeirra í þennan reit.

Hafi launagreiðandi látið launamanni í té bifreið til eigin afnota, skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda í þennan reit.

Hvers konar önnur hlunnindi, svo sem fæði, fatnað og húsnæði skal færa í þennan reit.

## 3 Aðrar tekjur

Í þennan kafla skal færa allar aðrar tekjur.


RSK

Skattframtal | einfölduð ú

Kennitala framteljanda

Ætlað þeim einstaklingum sem dvalið hafa á Íslandi skemur en þrjú ár. Sjá skýringar og um útfyllingu á bakhlið. Athugið að hjón og þeir sem hafa börn á framfæri eiga að skila RS á við um þá sem eiga fasteignir, verðbréf, hlutabréf eða hafa með höndum sjálfstæða atvi

Nafn

Heimili | Sveitarfélag

Dvalartími á Íslandi

Hvenær komið til landsins (DAGUR MÁN. ÁR) | Hvenær farið úr landi (DAGUR MÁN. ÁR) | Merking skattstjó

1 Launatekjur og starfstengdar greiðslur — 21

2 Ökutækjastyrkur. Dagpeningar. Hlunnindi

Ökutækjastyrkur 22 | Dagpeningar 23

Bifreiðahlunnindi 134 | Önnur hlunnindi 135

3 Aðrar tekjur

Endurgreitt iðgjald úr lífeyrissjóði — 43

Annað, hvað?

4 Frádráttur

Iðgjald, greitt í lífeyrissjóð á árinu - að hámarki 4% af launum — 162

Iðgjald, greitt á árinu vegna viðbótarlífeyrissparnaðar - að hámarki 4% af launum — 160

Frádráttur v/ökutækjastyrks skv. RSK 3.04 32 | Frádráttur v/dagpeninga skv. RSK 3.11 33

5 Stofn til útreiknings tekjuskatts og útsvars — Samtala 1+2+3-4

6 Afdregin staðgreiðsla — 296

7 Útfylling vegna sjómannaafsláttar — Fært af eyðublaði RSK 3.13

Sjómennska á skipum 20 brúttótonn eða stærri | Sjómennska á bátum undir 20 brúttótonnum

Laun vegna sjómennsku 317 | Laun vegna sjómennsku 318

Fjöldi sjómannadaga 291 | Fjöldi sjómannadaga 2

8 Innstæður í bönkum og sparisjóðum — Vaxtatekjur — Fjárhæð i

Samtals — Staðgreiðsla af vaxtatekjum 301 — 12 — 11

Hér með staðfestist að viðlögðum drengskap að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund.

Dags./undirskrift

RSK 1.13 LITLAPRENT — Sjá leiðbeinin




**Bankareikningur**

Hægt er að fá ofgreidda staðgreiðslu lagða inn á bankareikning með því að skrá inn númer reiknings hér.
Aðeins er leyfilegt að skrá bankareikning á Íslandi sem er í þinni eigu.

| Banki/sparisjóður | Útibú/afgreiðsla | Tegund reiknings | Reikningsnúmer |
|---|---|---|---|
| | | | |

**Tilkynningar og ábendingar má senda á:**

**Tölvupóstfang mitt:**

**Vinsamlega tilgreindu hér erlenda skattkennitölu (Tax Identification Number (TIN)), þ.e. þá skattkennitölu sem notuð er við framtalsskil í heimaríki.**

Erlend skattkennitala (TIN)

**Ef þú flytur af landi brott áður en til álagningar kemur, vinsamlega tilgreindu þá heimilsfang erlendis eða nafn umboðsmanns hér á landi.**

Heimilisfang þitt erlendis
(eða umboðsmaður á Íslandi)

**Mikilvægt er að framteljandi fylli út bakhlið eyðublaðsins eins og formið gefur tilefni til. Ef framteljandi er farinn af landinu áður en til álagningar kemur er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um bankareikning og/eða umboðsmann til að tryggja að hægt sé að koma til skila inneign vegna ofgreiddrar staðgreiðslu ef um það er að ræða.**

## 4 Frádráttur (iðgjald)

Í þennan reit skal færa frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð sem mest getur orðið 4%. Ef greitt hefur verið í séreignarsjóð færist það iðgjald hér, frádráttur getur að hámarki orðið samtals 8% vegna lífeyrissjóðsiðgjalda.

## 4 Frádráttur (á móti ökutækjastyrk)

Í þennan reit skal færa frádrátt á móti ökutækjastyrk, samkvæmt eyðublaðinu *RSK 3.04.*

## 4 Frádráttur (á móti dagpeningum)

Í þennan reit skal færa frádrátt á móti fengnum dagpeningum samkvæmt eyðublaðinu *RSK 3.11*.

## 6 Afdregin staðgreiðsla

Staðgreiðslu sem launagreiðandi hefur haldið eftir og fram kemur á launaseðlum skal færa hér.

## 7 Útfylling vegna sjómannaafsláttar

Laun vegna sjómennsku á skipum sem eru 20 brúttótonn eða stærri færast í reit 317 og fjöldi sjómannadaga í reit 291. Sjómennska á bátum sem eru undir 20 brúttótonnum færast í reit 318 og fjöldi sjómannadaga í reit 317. Þessar upplýsingar færast af eyðublaðinu *RSK 3.13* sem fylgja skal framtalinu hjá þeim sem stunda sjómannsstörf.

## Skilað á vefnum www.rsk.is, almenna framtalið – RSK 1.01

Ef launagreiðandi tekur að sér að aðstoða starfsmann við að telja fram á netinu þarf hann að hafa í höndum veflykil starfsmannsins, sem starfsmaðurinn hefur fengið sendan í pósti. Mikilvægt er, til að tryggja réttan útreikning á persónuafslætti, að þeir sem komu hingað til lands á síðasta ári geri grein fyrir komudegi til landsins í athugasemdadálk skattframtalsins.

Skil á netinu eru enn sem komið er einungis möguleg með því að nota almennu útgáfuna á skattframtalinu RSK 1.01, þ.e. á íslensku.

## Skilað á pappír, almenna framtalið á ensku – RSK 1.10

Þeir sem uppfylla ekki skilyrðin varðandi einfaldaða skattframtalið sem fjallað er um hér á eftir, en kjósa að nota almenna skattframtalið með enskum texta, geta nálgast þá útgáfu á **www.rsk.is**, en hvorki er hægt að fylla það skattframtal út á netinu né skila því rafrænt, einungis er hægt að skila því á pappír til skattstjóra.

## Framtalsfrestur - framtalsskil fyrir brottför

Mikilvægt er að þeir, sem dvalið hafa hér á landi tímabundið, skili skattframtali til skattstjóra áður en þeir yfirgefa landið, til að tryggja rétta álagningu opinberra gjalda. Fari dvölin yfir áramót skal skattframtali skilað í framtalsfresti vegna tekna hér á landi næstliðið ár, en skattframtali skal síðan skilað ekki seinna en viku fyrir brottför vegna tekna á brottflutningsári.

## Veflykill - þjónustusíður

Þá er rétt að benda á að þeir sem hafa flutt af landi brott fyrir 31. desember geta sótt um veflykil á **http://rsk.is/vefskil/vefskil.asp**. Þeir geta notað veflykilinn til að sækja upplýsingar um álagninguna á þjónustusíðu ríkisskattstjóra. Þeir sem voru komnir með varanlegan veflykil fyrir brottflutning þurfa ekki að sækja um nýjan. Athugið að þeir sem ekki eru með íslenskt heimilisfang fá ekki sendan álagningarseðil.

## Uppgjör og álagning – ofgreidd staðgreiðsla

Vert er að benda á mikilvægi þess að gefa greinargóðar upplýsingar um bankareikning á Íslandi eða umboðsmann framteljanda á Íslandi, þannig að skattyfirvöld geti komið til skila inneign sem kann að myndast við álagningu opinberra gjalda vegna ofgreiddrar staðgreiðslu. Álagning fer fram í ágúst árið eftir tekjuárið.

